



Reykjavík, 10. september 2024
MSS24020143

Forsætisnefnd

Efni: Hinsegin félagsmiðstöðvar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki nægjanlegt fjármagn til að tryggja starfsemi Hinsegin félagsmiðstöðvar þannig að hún verði föst félagsmiðstöð í stað þess að vera sértækt verkefni sem fær styrki til að starfa.

Greinargerð fylgdi.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans taka undir mikilvægi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar sem undirstrikað var nú á dögum með því að hafa opnunaratriði Hinsegin daga þar. Fjárhagsrammi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar frá Reykjavíkurborg eru tæpar 9,2 milljónir á ársgrundvelli og er hann tryggur. Því miður hefur sjálfsaflafé verið aukin undirstaða í starfinu og er ekki lengur til staðar. Nauðsynlegt verður því að sækja stuðning hjá ríkinu og öðrum sveitarfélögum þar sem slíkt starf er ekki til staðar þó miðstöðin standi öllum opin. Vegna kröfu um sparnað í starfi skóla- og frístundasviðs er því miður ekki til staðar svigrúm til að hækka fjárheimildir í rekstri félagsmiðstöðvarinnar að svo stöddu. Tillögunni er vísað frá, en leitað er leiða til að afla starfseminni stuðnings víðar til að geta haldið úti sambærilegri starfsemi og síðastliðinn vetur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks skilja grunnþætti tillögunnar á þann veg að efla eigi starfsemi tiltekinnar félagsmiðstöðvar í þágu málefna hinsegin ungmenna. Þetta grundvallaratriði tillögunnar styðja fulltrúarnir. Á hinn bóginn er texti tillögunnar ekki nægjanlega skýr, samanber þau atriði sem rakin eru í umsögn skóla- og frístundasviðs. Af þeim ástæðum sitja fulltrúarnir hjá við afgreiðslu málsins.



Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflókks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalísta telur það þyngra en tárúm taki að ráðið hafni þremur tillögum ungmennaráðs sem allar vísuðu til brýnnar þarfar sem þarf að mæta en stranda á fjármagni þegar það er sannarlega þörf til staðar og vilji til að mæta þeirri þörf. Það hefði virkilega stuðlað að valdeflingu og reísn bæði kjörinna fulltrúa og ungmennaráðs að taka betur utanum þessi mál og setja þau í forgang.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík